

FUNDARBOÐ

230. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í Hjálmakletti, fimmtudaginn 8. september 2022 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra

2. 2208021 - Breyting á samþykktum Borgarbyggðar 2022

Afgreiðsla 607. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð samþykkir framlögð drög að breytingum á samþykktum um stjórn Borgarbyggðar og vísar þeim til staðfestingar hjá sveitarstjórn. Flosi H. Sigurðsson, sviðsstjóri var viðstaddur afgreiðslu þessa liðar."

3. 2203010 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2022

Bókun frá 607. fundi byggðarráðs Borgarbyggðar: "Lagt fram minnisblað vegna tillögu að viðauka IV við fjárhagsáætlun ársins 2022. Í tillögunni er gert ráð fyrir hækkun kostnaðar við rekstur Tónlistarskólans um 885 þús kr, hækkun launakostnaðar við slökkvilið um 20 millj kr, hækkun launakostnaðar í ráðhúsi um 12,5 millj kr, hækkun á kostnaði á fræðsluviði um 14,2 millj kr, aukinn kostnaður vegna samkomulags við Hús og lóðir ehf um frágang lóðar um 5,7 millj kr, aukið viðhald vegna Grunnskóla Borgarfjarðar á Varmalandi fyrir 8 mllj kr, hækkun launakostnaðar í leikskólanum Uglukletti fyrir 3,8 millj kr og í Grunnskóla Borgarfjarðar fyrir 6,1 millj kr og kostnaður vegna tómsfundafulltrúa hækkar um 200 þús. Á móti þessum hækkunum koma auknar tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir 67,4 millj kr og lækkun útgjalda á óvenjulegum liðum fyrir 15 millj kr. Þá er einnig gert ráð fyrir auknum framkvæmdakostnaði við lagningu ljósleiðara fyrir 30 millj kr en á móti lækkuð áætlun um framkvæmdir við íþróttamannvirki um sömu fjárhæð. Byggðarráð samþykkti að vísa tillögunni til afgreiðslu sveitarstjórnar."

4. 2012111 - Skorradalshreppur - samningar

Eftirfarandi er bókun frá 606. fundi byggðarráðs dags. 25. ágúst 2022: "Byggðarráð samþykkir framlagða samninga vegna þjónustu Borgarbyggðar við Skorradalshrepp með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar."

5. 2111213 - Brákarey - framtíðarskipulag

Afgreiðsla 605. fundar byggðarráðs dags. 18. ágúst 2022.: "Byggðarráð samþykkir framlögð drög að samstarfssamningi við Festir ehf. og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins með fyrirvara um samþykkt sveitarstjórnar."

Byggðarráð tilnefnir Eðvar Ólaf Traustason og Sigurð Guðmundsson sem fulltrúa sveitarstjórnar."

6. 2206042 - Erindisbréf atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar

Afgreiðsla frá 605. fundi byggðarráðs dags. 18. ágúst 2022. "Byggðarráð samþykkir að gerðar verði kynntar breytingar á erindisbréfi Atvinnu- markaðs og menningarmálanefndar og er þeim breytingum vísað til staðfestingar sveitarstjórnar."

7. 2101140 - Hvanneyri - Jarðræktarmiðstöð - Breyting á aðalskipulagi

Afgreiðsla 43. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Borgarbyggðar að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingartillagan gerir Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri mögulegt að efla og styrkja starfsemi sína."

8. 1411002 - Víðines úr landi Hreðavatns - Umsókn um breytingu á aðalskipulagi

Afgreiðsla 43. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar."

9. 1409022 - Víðines úr landi Hreðavatns - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi

Afgreiðsla 43. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi breytingartillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Víðinesi til auglýsingar. Lögð er fram breytingatillaga greinargerðar. Aðalskipulagsbreyting fyrir Víðines verður auglýst samhliða. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

10. 2205134 - Galtarholt II - Breyting á deiliskipulagi

Afgreiðsla 43. nefndar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Galtarholts 2 í Borgarbyggð frá árinu 2005 m.s.br. til auglýsingar. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

11. 2208019 - Borgarbraut 14 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 43. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir öllum húseigendum í Berugötu 1-10 og Borgarbraut 11-16."

12. 2208155 - Brókarvatn 12 L233583 - Framkvæmdaleyfi

Afgreiðsla 43. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis vegna lagningu heimkeyrslu að lóðinni Brókarvatn 12 með fyrirvara um að hönnunargögn verði lögð fram samkvæmt kröfu skipulagsfulltrúa. Við hönnun heimkeyrslu skal huga að því að rennsli vatns geti átt sér stað í gegnum vegstæðið og að yfirborð sé hvað næst núverandi landhæð."

13. 2205120 - Hreðavatn 1-1021-32 1-10R - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 43. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila byggingarfulltrúa að samþykkja byggingaráform þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að svara framkomnum athugasemdum."

14. 2105014 - Úlfsstaðir 2 L134523 - Stofnun lóðar - Skógarlundur

Afgreiðsla 43. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lóðarinnar Skógarlundur, stærð 5885 fm úr landinu Úlfsstaðir 2 L134523."

15. 2208235 - Staðarhraun L136029 - Stofnun lóðar - Hagahraun

Afgreiðsla 43. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lóðarinnar Hagahraun, stærð 317,6 ha úr landinu Staðarhraun L136029.
"

16. 2208263 - Smiðjuhóll L135947 - Stofnun lóðar - Smiðjuhóll Vegsvæði

Afgreiðsla 43. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lóðarinnar Smiðjuhóll Vegsvæði, stærð 7.095 fm, úr landi Smiðjuhóls L135947. Lóðin er sett í landnotkunarflokkinn Annað land."

17. 2005319 - Grímarstaðarvegur - Stofnun vegsvæðis

Afgreiðsla 43. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lóðarinnar Hvítárvellir 2 Vegsvæði úr landi Hvítárvallar 2, L133886, stærð 12.741 fm. Jafnframt leggur nefndin til við sveitarstjórn að heimila samruna lóðanna Hvítárvalla 2 Vegsvæði og Hvítárvalla 1 Vegsvæði. Eftir samruna mun lóðin heita Hvítárvellir 1 og mun vera 51.647 fm."

18. 2109082 - Húsafell 1 og Bæjargil - deiliskipulagstillaga

Afgreiðsla 44. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Húsafell 1 og Bæjargil til auglýsingar. Aðalskipulagsbreyting er gerð samhliða. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

19. 2003217 - Dílatangi í Borgarnesi, tillaga að deiliskipulagi

Afgreiðsla 44. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu samkvæmt 42.gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst."

20. 2209021 - Brákarbraut 18-20 18R - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 44. fundar skipulags og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir hagsmunaaðilum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir eigendum Brákarbrautar 18-20."

21. 1902181 - Borgarbraut 57-59 - Bréf v. frárennslis

Afgreiðsla af 607. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir framlagðan samning með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og vísar kostnaði samkvæmt honum til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun 2022 og vísar fullnaðarafgreiðslu til sveitarstjórnar. Flosi H. Sigurðsson, sviðsstjóri var viðstaddur afgreiðslu þessa liðar."

22. 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð

Afgreiðsla á 128. fundi velferðarnefndar Borgarbyggðar: "Velferðarnefnd leggur til við Sveitarstjórn Borgarbyggðar að eftirfarandi breyting verði gerð á reglum Borgarbyggðar um fjárhagsaðstoð til að veita húsbúnaðarstyrk vegna sérstaklega erfiðra aðstæðna. Greinin hljóði svo: Styrkur vegna húsbúnaðar. Heimilt er að veita styrk til húsbúnaðarkaupa þeim, sem er eignalaus og haft hefur tekjur undanfarna þrjú mánuði sem eru við eða undir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar, eða tekjur sex undanfarna mánuði lægri en lágmarks atvinnuleysisbætur (100%). a) Einstaklingi eða fjölskyldu sem hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum. b) Ungum foreldrum sem eru að eignast sitt fyrsta barn og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða, til þess að kaupa útbúnað vegna barnsins, s.s. vagn, rúm eða hliðstæðan búnað. c) Sem er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun. Viðmiðunarmörk aðstoðar nema einni grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar (fyrir einn mánuð). Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni."

23. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Tillaga um skipun í fjölmeningarráð 2022-2026.

Afgreiðsla á 607. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir tillögu um kjör eftirfarinna aðalmanna: Weronika Sajdowska, Sonja Lind Eyglóardóttir, Kristján Jóhann Pétursson, Guðrún Vala Elísdóttir og Valur Örn Vífilsson. Varamenn voru kjörnir: Andie Silviudóttir, Eva Margrét Jónudóttir, Eðvar Traustason, Bjarney Bjarnadóttir og Jovana Pavlovic."

24. 2208116 - Stjórn fjallskilaumdæmis ABHS

Lagðar fram fundargerðir 12. og 13. fundar stjórnar fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps.

25. 2208058 - Fjallskil 2022

Afgreiðsla 64. fundar fjallskilanefndar Þverárrettar:

"Heildarfjöldi fjár til fjallskila er 7.462 og kostnaður pr kind krónur 640 krónur. Notast var við haustskýrslur vegna skorts á innsendum tölum. Heildarkostnaður vegna fjallskila er kr. 4.775.555 krónur. Sú breyting hefur orðið að sendur er skilamaður í Brekkurétt. Fjallskilum jafnað niður og þau yfirfarin. Þau samþykkt og send til Borgarbyggðar til fjölrítunar og dreifingar. Breyting var gerð á dagsetningum og tíma 2. og 3. réttar í samtali við réttarstjóra."

26. 2208118 - Álagning fjallskila 2022

Afgreiðsla 30. fundar Kaldárbakka- og Mýrdalsréttar:
"Dagsverk voru ákveðin 71 og 82 kindur í dagsverki. Fjallskilagjald pr. kind er kr 246,-
Heildarfjöldi 5762 kindur. Ákveðið var að dagsverkið verði metið á kr 20.000.-"

27. 2208118 - Álagning fjallskila 2022

Afgreiðsla 27. fundar fjallskilaneftndar Rauðsgilsréttar:
"Ekki voru gerðar neinar breytingar á leitum eða leitarmönnum frá því í fyrra. Fjárgjöld
verða 550 kr. hver kind Dagsverk.14.000 kr. Fæði 6000per/dag. Önnur heiðaleit verður
20 - 22 september. Hrutasmölun verður 22.október 2022 Fjölgað verður skilamönnum í
Þverárrétt um einn."

28. 2208118 - Álagning fjallskila 2022

Afgreiðsla 32. fundar fjallskilaneftndar Hítardalsréttar: "Álagning fjallskila á fjáreigendur
sem eru 14. Tala sauðfjár til fjallskila er 2495 samkvæmt uppgefnum tölum frá
fjáreigendum, fækkun 107 fjár. Fjallskilagjald á kind ákveðið 850 kr. Heildarálagning
2.120.750 kr. Dagsverkið metið á 10.000 kr. Dagsetningar leita og rétta hafa verið færðar
fram um viku frá ákvæðum fjallskilareglugerðar. Leitarstjóri í öllum afréttarleitum
verður Gísli Guðjónsson. Jakob A. Eyjólfsson stjórnar leitum á Svarfhólsmúla
Réttarstjóri í öllum réttum verður Sigurjón Helgason"

29. 2208118 - Álagning fjallskila 2022

Afgreiðsla 36.fundar Fjallskilaneftndar Grímsstaðaréttar: "Lagt var á 1301 vetrarfóðraðar
kindur og var fækkun um 198 kindur milli ára. Hver kind er metin á 850 kr. Dagsverkið
er metið á 10.000 kr. Kostnaður vegna matar er 8.000 kr. Fjallskilum jafnað niður og þau
yfirfarin. Þau samþykkt og send til Borgarbyggðar til fjölrítunar og dreifingar."

30. 2208118 - Álagning fjallskila 2022

Afgreiðsla 48. fundar fjallskilaneftndar Oddsstaðaréttar: "Upplýsingar um jarðamat
fengnar úr Þjóðskrá. Álagning á kind helst óbreytt. Álagningarhlutfall á fasteingamat
lækkar úr 1,3% í 1,22% Alögð fjallskil samtals: 3.281.612 kr. Innheimt í peningum:
1.407.612 kr. Dagsverkamat í leitum helst óbreytt. Gengið frá fjallskilaseðli."

31. 2208118 - Álagning fjallskila 2022

Afgreiðsla 50. fundar fjallskilaneftndar Brekku- og Svignasaskarðsréttar:
"Lagt var á 2.262 vetrarfóðraðar kindur samkvæmt upplýsingum um vortölur frá
eigendum og hausttölum í þeim tilvikum sem vortölum var ekki skilað. Dagsverk er
metið á kr. 15.000 Kostnaður pr kind kr. 850,- Kostnaður vegna matar er kr. 11.500.
Fjallskilum jafnað niður og þau yfirfarin. Þau samþykkt og send til Borgarbyggðar til
fjölrítunar og dreifingar."

Fundargerð

32. 2208022F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 607

33. 2208018F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 606

34. 2208011F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 605

- 35. 2208009F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 210**
- 36. 2208008F - Atvinnu - markaðs - og menningarmálanefnd - 38**
- 36.1 2107033 - Starfs- og fjárhagsáætlun - Atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd
 - 36.2 2208141 - Breyting á afgreiðslutíma Bókasafnsins
 - 36.3 2205028 - Heimasíða Borgarbyggðar
 - 36.4 2208072 - Skallagrímgarður 2023
- 37. 2208026F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 43**
- 37.1 2101140 - Hvanneyri - Jarðræktarmiðstöð - Breyting á aðalskipulagi
 - 37.2 1411002 - Víðines úr landi Hreðavatns - Umsókn um breytingu á aðalskipulagi
 - 37.3 1409022 - Víðines úr landi Hreðavatns - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi
 - 37.4 2205134 - Galtarholt II - Breyting á deiliskipulagi
 - 37.5 2208019 - Borgarbraut 14 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
 - 37.6 2208155 - Brókarvatn 12 L233583 - Framkvæmdaleyfi
 - 37.7 2205120 - Hreðavatn 1-1021-32 1-10R - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
 - 37.8 2105014 - Úlfsstaðir 2 L134523 - Stofnun lóðar - Skógarlundur
 - 37.9 2208235 - Staðarhraun L136029 - Stofnun lóðar - Hagahraun
 - 37.10 2208263 - Smiðjuhóll L135947 - Stofnun lóðar - Smiðjuhóll Vegsvæði
 - 37.11 2005319 - Grímarstaðarvegur - Stofnun vegsvæðis
- 38. 2208020F - Fjallskilaneftnd Kaldárbakka - og Mýrdalsréttar - 30**
- 39. 2208017F - Fjallskilaneftnd Grímsstaðaréttar - 36**
- 40. 2208016F - Fjallskilaneftnd Rauðsgilsréttar - 27**
- 41. 2208014F - Fjallskilaneftnd Oddsstaðaréttar - 48**
- 42. 2208013F - Fjallskilaneftnd Hítardalsréttar - 32**
- 43. 2208010F - Fjallskilaneftnd Brekku - og Svignaskarðsréttar - 50**
- 44. 2208006F - Fjallskilaneftnd Grímsstaðaréttar - 35**

08.09.2022
Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri.